



349. fundur Afrekssjóðs ÍSí

13. janúar 2026 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir Afrekisstjóri ÍSí (KBÓ)

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

BL yfirgaf fundinn kl. 12.30

1. Erindi frá sérsamböndum

Erindi hafa borist frá:

Klifursamband Íslands vegna flokkunar í afrekshlokka

KÍ óskar eftir endurskoðun á flokkun sérsambandsins en það var flokkað sem Verkefnasamband við síðustu úthlutun en var Afrekssamband þar áður.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí telur ekki ástæðu til að breyta afrekshlokkun KÍ. KSR falið að útbúa drög að svari við erindinu.

Judosamband Íslands vegna flokkunar í afrekshlokka

JSÍ óskar eftir leiðréttingu á flokkun sérsambandsins en það var flokkað sem Verkefnasamband við síðustu úthlutun líkt og árið áður.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí telur ekki ástæðu til að breyta afrekshlokkun JSÍ. KSR falið að útbúa drög að svari við erindinu.

Fimleikasamband Íslands vegna fjölgunar mótadaga frá áætlun

FSÍ sækir um viðbótarstyrk vegna viðbótardaga á HM25 í áhaldafimleikum.

Var sérsambandið lengur en áætlað var í innsendri umsókn.

Erindinu er synjað. Ekki er talið að umsóknin falli undir 16. gr. reglugerðar um Afrekssjóð ÍSí, þar sem fjallað er um umsóknir utan auglýsts umsóknarfrests.

Fimleikasamband Íslands vegna einstaklingsstyrkja

FSÍ sækir um viðbótarstyrk vegna einstaklings sem fékk ekki einstaklingsstyrk við úthlutun.

Erindinu er synjað. Lagt fyrir KBÓ að skoða aðkomu AMÍ að stuðningi við einstaklinginn.

Sundsamband Íslands vegna mótahalds NM á Íslandi

SSÍ óskar eftir 3mkr. styrk úr ASJ vegna NM sem sérsambandið hélt á Íslandi. Er mótið kostnaðarsamt og fjárhagsstaða sambandsins viðkvæm.

Erindinu er synjað. Ekki er gert ráð fyrir því í reglum sjóðsins að sérsambönd séu styrkt sérstaklega vegna alþjóðlegs mótahalds þeirra.

2. Niðurfellingar 2024

Yfirferð uppgjörs og ársreikninga með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðunar afreksþátta vegna ársins 2024 er lokið hjá flestum sérsamböndum. Þrjú eru ennþá í vinnslu. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sérsamband	Heildarúthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2024	Skýring
AKÍS-Akstursíþróttasamband Íslands	812.500	0	812.500	Kostnaður til staðar
BFSÍ - Bogfimisamband Íslands	15.521.000	952.895	14.568.105	591þkr. v/heilbr.teymis og 392þkr. v.umfangs.
BLÍ - Blaksamband Íslands	6.825.000	0	6.825.000	Kostnaður til staðar
BTÍ - Borðtennissamband Íslands	1.417.500	0	1.417.500	Kostnaður til staðar
FRÍ - Frjálisíþróttasamband Íslands	37.998.000	0	37.998.000	Kostnaður til staðar
FSÍ - Fimleikasamband Íslands	49.532.000	1.549.531	47.982.469	V.umfangs
GSÍ - Golsamband Íslands	29.550.000	0	29.550.000	Kostnaður til staðar
HNÍ - Hnefaleikasamband Íslands	1.462.500	0	1.462.500	Kostnaður til staðar
HRI - Hjólreiðasamband Íslands	2.475.000	0	2.475.000	Kostnaður til staðar
HSÍ - Handknattleikssamband Íslands	88.857.000	6.197.190	82.659.810	V.umfangs
ÍF - Íþróttasamband fatlaðra	26.351.000	0	26.351.000	Kostnaður til staðar
IHI - Íshokkisamband Íslands	11.416.098	0	11.416.098	Kostnaður til staðar
ISS - Skautasamband Íslands	1.725.000	0	1.725.000	Kostnaður til staðar
KAÍ - Karatesamband Íslands	7.106.000	0	7.106.000	Kostnaður til staðar
KÍ - Klifursamband Íslands	9.152.000	0	9.152.000	Kostnaður til staðar
KKÍ - Körfuknattleikssamband Íslands	33.967.000	0	33.967.000	Kostnaður til staðar
KLÍ - Keilusamband Íslands	13.953.000	1.550.724	12.402.276	V.umfangs
KRA - Kraftlyftingasamband Íslands	22.484.000	70.235	22.413.766	V/heilbr.teymis
KSÍ - Knattspyrnusamband Íslands	0	0	0	Enginn styrkur
LH - Landssamband hestamannafélaga	9.338.000	0	9.338.000	Kostnaður til staðar
LSÍ - Lyftingasamband Íslands	18.216.000	606.926	17.609.074	V.umfangs
MSÍ - Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttas	1.400.000	0	1.400.000	Kostnaður til staðar
SÍL - Siglingasamband Íslands	1.150.000	76.404	1.073.596	V.hæfileikamótunar
SKY - Skyldingasamband Íslands	8.588.000	0	8.588.000	Kostnaður til staðar
SSÍ - Sundsamband Íslands	39.812.500	0	39.812.500	Kostnaður til staðar
STÍ - Skotíþróttasamband Íslands	10.492.000	656.113	9.835.887	V/heilbr.teymis
TKÍ - Taekwondosamband Íslands	1.950.000	0	1.950.000	Kostnaður til staðar
TSÍ - Tennissamband Íslands	1.725.000	25.000	1.700.000	V.hæfileikamótunar
ÞRÍ - Þríþrautarsamband Íslands	3.650.000	0	3.650.000	Kostnaður til staðar
Samtals:	516.143.098	13.770.540	468.656.559	

Niðurfellingar eru byggðar á fjárhagslegu uppgjöri afreksstarfs og ársreikningi auk skýringa sérsambanda.

Líkt og við síðustu niðurfellingu eru til einföldunar, ekki felldir niður styrkir þar sem niðurfelling er undir 100þkr. Er það hjá þremur sérsamböndum, alls 171.639kr.

Alls er því um 13.598.901 kr. niðurfellingar að ræða hjá sex sérsamböndum. 23 sérsambönd eru því ekki með neinar niðurfellingar.

Enn eru ófrágengin uppgjör frá fjórum sérsamböndum vegna ársins 2024: BSÍ, DSÍ, JSÍ og SKÍ.

Stjórn Afrekssjóðs leggur því til að fella niður afreksstyrki að fjárhæð kr. 13.598.901, skv. framangreindu.

3. Umræða um úthlutun vegna 2026.

Umræða fór fram um úthlutun vegna 2026. Heilt yfir gekk hún vel. Mikil samskipti við sérsamböndin í kjölfarið. Ýmsar fyrirspurnir og athugasemdir komu fram og formleg erindi bárust.

Lagt fyrir KSR að útbúa drög að svörum við formlegum erindum sem bárust.

4. Yfirferð á reglum og verklagi við úthlutun

Stefnt er að því að endurskoða úthlutunarreglur, árangurskvarða og viðmið næstu mánuði auk reglna um kostnaðarpáttöku og starfslaun. Mikilvægt að sérsambönd komi að þeirri endurskoðun auk stjórnar AMÍ.

Lagt fyrir KSR og KBÓ að útbúa áætlun vegna þess.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.05